

Opin kynning á hópverkefnum í MPM námi

Nemendur á fyrra ári í MPM námi við IVT deild Háskóla Íslands kynna afrakstur umfangsmikilla hópverkefna sem þeir hafa unnið að á vormisserinu. Kynningin verður þriðjudaginn 3. maí á Hilton Nordica hóteli í sal I og hefst kl. 16.00. Fundarstjóri verður Gunnar Torfason ráðgjafarverkfræðingur. Fyrirkomulag kynningarinnar er þannig að vinnuhópar hafa 20 mínútur til umráða til að kynna verkefni sín. Að því loknu er 5-10 mínútna spurninga- og umræðutími. Dagskrá er annars sem hér segir:

16:00 Setning fundar, Gunnar Torfason

16:05 Viðskiptaáætlun um útflutning á vikureiningum til Norðurlanda

Verkefnið, sem unnið var fyrir Steypustöðina, felst í könnun fýsileika þess að flytja út byggingareiningar úr vikri á markað á Norðurlöndunum. Þessar einingar eru einkum ætlaðar í vegg bygginga, en slíkar einingar eru mikið notaðar í húsbýggingar á Norðurlöndunum."

16:35 Stöðugreining lífeyrissparnaðar hjá Arion

Verkefnið fjallar um nýjan þjónustuhátt sem byrjað hefur verið að innleiða á eignastýringarsviði Arion banka. Þjónustan er hugsuð fyrir sjóðfélaga sem eru að nálgast eða eru komnir á útgreiðslualdur og snýr meðal annars að því hvernig hámarka má þær útgreiðslur sem viðkomandi hefur rétt til.

17:05 Stefnumiðað árangursmat hjá þjónustuveri Símans

Hannað var stefnumiðað árangursmat (balanced scorecard) fyrir þjónustuver Símans, það var notað einu sinni og niðurstöður kynntar fyrir starfsmönnum. Eftir að niðurstöður höfðu verið kynntar starfsmönnum voru þeir spurðir út í frammistöðumatið og frammistöðumatið endurmetið og lokaafurðinni skilað til Símans.

17:35 Hlé

17:50 Umbótaverkefni fyrir Verkefnastofu Landsbankans

Viðfangsefnið var að styðja við innri þróun verkefnastofu með upplýsingasöfnun og tilteknum afurðum sem nýtast í uppbyggingu og þróun á þjónustu verkefnastofunnar. Til þess að tryggja rétta afmörkun, virka samvinnu og hámarka virði afurða var verkefnið unnið samkvæmt Agile hugmyndafræði með Scrum aðferð.

18:20 MPM blaðið

Viðfangsefni hópsins var að gefa út blað með fræðilegri umfjöllun um verkefnastjórnun og fjármagna það með sölu auglýsinga. Blaðið var gefið út í 2000 eintökum í aprílbyrjun og því var dreift til áhugafólks og fagaðila í verkefnastjórnun á Íslandi.

18:50 Umhverfis jörðina á 80 dögum

Sighvatur Bjarnason lagði í hnattferð í lok febrúar. Markmið hans er að ferðast á landi og sjó eins og mögulegt er og nýta sem mest ferðamáta innfæddra. Hann stefnir að því að ljúka hringnum á 80 dögum. Áheimum hefur verið safnað og renna þau til Umhyggju, félags langveikra barna. MPM hópurinn undirbjó og skipulagði ferðalagið og hefur gegnt hlutverki fararstjórnar á Íslandi á meðan á hnattferðinni hefur staðið.

19:20 Fundarslit

19:30 LOK

Kynningin er opin og öllum heimill aðgangur á meðan húsrúm leyfir.